

Kreddur

Vefrit um þjóðfræði

Tekur skot og skorar mark!

Fögn fótboltamanna frá sjónarhorni sviðslistar

Þórunn Kjartansdóttir
Meistaraneimi í hagnýtri þjóðfræði

Hægt er að kanna margt í venjulegum fótboltaleik og athafnir þeirra sem þar koma við sögu út frá sviðslistafræði. Allir sem koma að leiknum eru á sinn hátt að setja eitthvað á svið, hvort sem það eru áhorfendurnir sem klæða sig upp á ákveðinn hátt, kalla, syngja og dansa í áhorfendastúkunni til stuðnings sínu liði eða liðið sjálft sem einnig fer í búninga og sýnir áhorfendum og andstæðingum hvað þeir geta. Hér verður sjónum beint að skoruðum mörkum og hvernig fótboltamenn fagna marki.

Það að skora mark í fótboltaleik mætti líkja við þann sið indíána forðum að telja þær beinu snertingar sem þeir náðu við andstæðinginn sem þeir voru í stríði við (e. counting coup). Gamlar sagnir eru til um að innan ákveðinna ættbálka indíána hafi viðhorf til bardaga og stríðs snúist um hversu spennandi það var fremur en að stríð væri dauðans alvara. Þeir tóku þátt til þess að öðlast virðingu og það gerðu þeir með því að telja snertingar. Að drepa óvininn úr launsátri var ekki mikil hetjudáð en að ná að stela hesti hans fyrir framan nefið á honum eða nálgast hann það mikið að stríðsmaðurinn næði snertingu við hann var hetjudáð sem tekið var eftir (Erdoes og Alfonso, 1984: 245-246). Þegar leikmaður í fótbolta nær að komast inn fyrir varnir mótherjans og skora mark er það nokkurskonar snerting sem eykur virðingu hans meðal hinna í liðinu og gerir hann að hetju rétt eins og stríðsmenn indíána. Því glæsilegra sem markið er því fræknara verður afrekið og hetjudáðin meiri.

Mörk í fótboltaleik eru ekki mörg og því eðlilegt að menn gleðjist þegar þeir ná að skora. Það er nokkur munur á því hvernig menn velja að tjá gleði sína og í því liggur sviðslistin. Hluti af gleðinni og athöfnunum er ósjálfráð vegna hormóna sem flæða um líkamann við atburðinn en hluti fagnaðarlátanna er meðvituð hegðun sem gaman er að velta fyrir sér og kanna. Til að nálgast þetta viðfangsefni hef ég flokkað þessi fagnaðarlæti leikmanna niður í þrjár gerðir; samfögn, sérhögn og hópfögn.



Mynd 1: Samfögn


Samfagn

Algengast er að sjá samfagn. Í slíku fagni hópast liðið saman og fallast liðsfélagar í faðma og umkringja þann sem skoraði. Stundum er lagst ofan á hann eða hoppað í fangið á honum, ofan á bakið, hann kysstur og strokinn (sjá mynd 1). Þarna er liðið að fagna sem ein heild og með því að koma saman með þessum hætti er liðsheildin undirstrikuð og þá að markið hafi verið afrakstur þess fremur en einstaklingsins. Í þessu samhengi mætti skoða hugtak Victor Turner einingu (e. *communitas*) sem má skilja á þann hátt að það sé sameiginlegt og táknrænt flæði fólks við ákveðnar aðstæður, sem gera hugsanir og athafnir hópsins að einu og myndar þannig táknræna heild sem verður til skyndilega. *Communitas* gerist í raun ekki allt í einu upp úr þurru heldur er afleiðing þess sem er að gerast. Í þessu tilfelli væri það samfagnið sem fer af stað í kjölfar marksins (Schechner, 2006: 70-71). Athöfnin sjálf er ekki sérstaklega æfð en á vissan hátt lærð hegðun og vísar til fagnaðarláta sem aðrir fótboltamenn hafa gert í gegnum tíðina sem og ákveðinnar frumstæðrar hegðunar mannsins, það er að hlaupa, öskra og kasta sér í jörðina. Hér er komið það sem kallað hefur verið endurgerð hegðun (e. *restoration of behavior*), allt sem við gerum er runnið undan rifjum annarrar athafnar sem hefur áður verið gerð. Við þurfum ekki endilega að vera meðvituð um þessa tengingu, en hún er samt til staðar og er ein af undirstöðum sviðslistar og samskipta fólks, því endurgerð hegðun er táknræn og samskipti manna byggja á því að þekkja þessi tákni (Schechner, 2006: 34-35).

Sérfgagn

Önnur gerð af fagni er það sem ég kys að kalla sérfgagn og er að mörgu leyti byggt á sama grunni og samfagnið; það er að sýna gleði sína yfir nýlegu afreki með einhverjum hætti sem ekki er fyrirfram ákveðinn eða æfður. Hér er leikmaðurinn sem skoraði einn um að fagna. Í stað þess að snúa sér til meðspilaranna snýr markaskorarinn sér frá þeim. Algengt er að hann hlaupi í átt að áhorfendastúkunni og/eða sjónvarpsmyndavélunum séu þær til staðar (sjá mynd 2), lyfti höndunum upp fyrir höfuð, krjúpi fyrir framan áhorfendur, steyti hnefann eða sýni hreysti sitt með öðrum æfingum, lyfti upp bolnum til að sýna vöðvana o.s.frv. Margar af þessum hreyfingum sem taldar voru upp eru táknrænar hreyfingar í mörgum trúartengdum helgisiðum og lýsa þar einhverskonar ákalli.

Sumir leikmenn kjósa að gera alltaf það sama þegar þeir fagna marki, eru með sömu handahreyfinguna eða annað sem verður nokkurskonar merkimiði þeirra. Dæmi um einfalt fagn af þessum toga eru fögn enska leikmannsins Alan Shearer. Hann fagnaði nánast öllum mörkum sínum á sama hátt (þau voru mörg), hann lyfti hægri hönd upp í loft, oftast með lófann opinn eða bara vísifingur á lofti (Richards, 2012: 1:56-2:08) (sjá mynd 3). Dæmi um flóknari fagnaðarlæti er fagn Robert Keane þar sem hann fer í handahlaup, kollhnís og þykist svo skjóta út í loftið af ímynduðum byssum (Jmehd 15, 2012). Með þessu eru leikmenn hugsanlega að reyna greina sig frá fjöldanum og skapa sér sérstöðu. Það er erfitt að segja til um hvort



Mynd 2: Sérfgagn



Mynd 3: Einkennisfagn Alan Shearer

fagnið sé fyrirfram ákveðið, það þarf ekkert að vera í fyrsta skipti sem það er gert en þegar leikmaðurinn ákveður að endurtaka það næst þegar hann skorar er komin greinileg og meðvituð sviðslist. Einnig er algengt að leikmenn komi einhverjum skilaboðum áleiðis í fögnum sínum, sem þá er augljóslega undirbúin sviðslist. Dæmi um slíkt er þegar þeir eru með skrifuð skilaboð undir treyjunni sem sést þegar þeir lyfta henni upp eða þá nota hendur og líkama til að koma skilaboðunum á framfæri (sjá mynd 4).



Mynd 4: Dæmi um skilaboð í fögnum

Táknin og hreyfingarnar eru oft almenn. Sá sem sér þau þarf ekki að hafa þekkingu á fótbolta eða leikmanninum til að skilja hverju hann er að koma á framfæri. Dæmi um þetta er þegar leikmaður gefur fingurkoss til áhorfenda til að þakka þeim stuðninginn eða tekur með lófum utan um olnboganna á sér og vaggar þeim fram og til baka rétt eins og hann sé með barn í fanginu. Önnur tákn sem leikmenn gera eru öllu flóknari og erfitt fyrir þann sem ekki þekkir til leiksins að greina hvað er verið að segja með þeim. Dæmi um það er þegar Robert Fowler, þáverandi leikmaður Liverpool hljóp út að endalínu í kjölfar þess að hafa skorað, lagðist í jörðina, lagði vísifingur fyrir aðra nösina og þóttist vera að sjúga endalínuna upp í nefið á sér (sjá mynd 5). Með þessu fagni var hann að deila á orðróm sem gengið hafði um hann um neyslu eiturfjfa (News.bbc.co.uk, 1999 og Poppindacriss6, 2004).



Mynd 5: Umdeilt fagn Robert Fowler

Einnig má nefna annað nýlegt dæmi. Þá hafði knattspyrnustjóri Everton, í aðdraganda leiks milli liðsins og Liverpool gagnrýnt framherja Liverpool-liðsins, Luis Suarez fyrir að láta sig falla of auðveldlega í leikjum í þeim tilgangi að fá aukaspurnur og vítaspurnur. Þetta er oftast kallað að „dýfa sér“ af knattspyrnuáhugamönnum. Í leiknum sjálfum skoraði Suarez og fagnaði með því að hlaupa að varamannabekk Everton liðsins og þykjast dýfa sér til sunds, beint fyrir framan knattspyrnustjórann (Maddock, 2012 og LFCBenH, 2012) (sjá mynd 6).

Þau dæmi sem hér hafa verið nefnd mætti nefna einu nafni táknræna eða gildishlaðna hegðun sem á ensku útlæggt sem Codified behavior, það er hreyfingar og athafnir sem hafa merkingu fyrir fleirum en þeim sem framkvæmir hana (Schechner, 2006: 184) og er nátengt hugtakinu endurgerð hegðun sem minnst var á framfar.



Mynd 6: Fagn Luis Suarez

Sérfögn snúast um einstaklinginn og því sem hann vill koma til skila hvað svo sem það er, leggja áherslu á eigið ágæti, þakklæti til áhorfenda eða hvað sem leikmanninum liggur á hjarta hverju sinni. Það þarf ekkert alltaf að vera djúp merking á bakvið það sem leikmaðurinn gerir. Oftar en ekki fer sérfagn yfir í að vera samfagn eða hópfagn sem verður fjallað um hér á eftir.

Hópfagn

Síðasti flokkurinn af fögnum er hópfögn, það sem skilur þau frá samfagni er að þau eru alltaf fyrirfram ákveðin, þar sem tveir eða fleiri setja upp litla sýningu inni á vellinum í kjölfar þess að einn úr liðinu hefur skorað mark. Oftar en ekki er sá sem skoraði í aðalhlutverki. Allar tegundir fagna eru sviðslist því þau eru gerð fyrir framan áhorfendur en í gerð þessara fagna er hún sennilega sýnilegust. Það eru margvíslegar útgáfur af þessum fögnum, þetta getur verið dans, einhvers konar látbragðsleikur eða stuttur leikþáttur, oft með vísun í kvikmyndir (sjá mynd 7 og 8).

Hér virðist meginmarkmiðið vera að skemmta áhorfendum og kannski sjálfum sér líka. Mörg þessara fagna vísa til bardaga og hermennsku og þá í framhaldinu til hetjudáðar. Dæmi um það er þegar leikmaður hleypur að hornfánanum og grípur hann og notar sem sverð til að slá liðsfélaga sinn sem skoraði markið til riddara (RandolphAthletics, 2012). Annað dæmi er þegar sá sem skoraði tekur upp ímyndaða byssu og skýtur liðsfélaga sína einn af öðrum í hausinn þegar þeir hlaupa fram hjá (Robinson, 2010). Dans er líka áberandi í þessum fögnum, tveir eða fleiri taka sig til og taka nokkur dansspor fyrir framan áhorfendurnar (Paradoxx7, 2010). Látbragðsleikur er líka nokkuð algengur, hermt eftir athöfn, t.d. leikmenn róa bát, keyra bíl, stilla sér upp eins og verið sé að taka myndir af þeim og annað sem greinilega hefur fyrst og fremst skemmtanagildi, sprell til að skemmta sér og öðrum. Gleði og glens eru sennilega aðalsmerki í þessari gerð fagna en áfram eru sömu tákn í fögnunum, tilvísanir í karlmennsku og er hér ímynd íþróttarinnar kannski skýrust, að hún snýst um karlmennsku og skemmtun.



Mynd 7: Marki fagnað með hópdansi

Þróun fagna

Hér að framan hef ég skoðað megineinkenni fagna fótboltamanna og hvernig megi túlka þau út frá sviðslist. Þegar ég skoðaði myndbönd á netinu af fögnum sá ég ákveðna þróun í þeim. Segja má að fögn stigmagnist með árunum og verði meira áberandi með hverjum áratug sem líður. Þegar skoðuð eru mörk og fögn í kjölfarið á þeim frá heimsmeistarakeppninni í Svíþjóð 1958, virðist vera mest um samfögn, að menn hlaupi í átt að félögunum og fallist í faðma. Eitthvað er um að menn hlaupi einir eftir vellinum en hvoru tveggja er mikið hófstiltara en sjá má seinna (Zeljko Djukic, 2010). Í myndbroti af mörkum úr heimsmeistarakeppninni 1986 í Mexíkó má sjá að fótoltamennirnir eru aðeins farnir að hlaupa í áttina að áhorfendapöllum og myndavélunum og hitta liðsfélaga sína þar. Á þeim tíma eru að myndast það sem ég kalla sér fögn, þar sem áherslan er fyrst á einstaklinginn sem skoraði og svo á liðið (D Stuart 82, 2009). Í heimsmeistarakeppninni í Suður Afríku 2010 sjást svo aðallega sér fögn og áherslan fyrst og fremst á einstaklinginn og getu hans frekar en liðsheildina. Liðsmenn hlaupa jafnvel undan félögum sínum þegar þeir koma til að fagna með markaskoraranum, til þess að hann fái að njóta sviðsljóssins aðeins lengur (Emmink, 2010).

Í fótbolta er það hluti leiksins að fagna marki og gleðjast með liðsfélögunum yfir árangrinum í leiknum. Allt í kringum fótoltann eru hugmyndir um karlmennsku, sem svo birtast einna best í fögnum hjá leikmönnum, hvort sem þeir gera sér grein fyrir því eða ekki. Hreysti og hugrekki er undirstaða þess að geta talist karlmannlegur í háttum, að þora og geta skorað mark eflir þannig karlmennsku leikmannsins. Það hvernig menn velja svo að tjá gleði sína og ánægju yfir afreki sínu með fagnaðarlátum er til að undirstrika hetjudáðina. Þróun á fögnum virðist vera frá því að skorað mark sé sameiginlegt afrek liðsins út í það að hver leikmaður vilji vera hetja út af fyrir sig en ekki ein af hetjum liðsins. Meira máli skiptir að einstaklingurinn standi sig vel en að liðinu gangi vel. Þessa ályktun er hægt að draga af því að samfögn eru á undanhaldi en sér fögn að verða allsráðandi, þó svo að samfögnin komi að einhverju leyti alltaf í kjölfar sér fagna. Hér má ef til vill sjá hvernig fótoltinn er að færast frá uppruna sínum sem leikjar yfir í meiri viðskipti, þar sem peningar skipta höfuðmáli. Leikmenn eru þannig margir hverjir uppteknir af frama sínum og vinsældum fremur en hagsmunum heildarinnar.

Heimildir

Erdoes, R. og Alfonso, O. (1984). *American indian myths and legends*. New York: Pantheon books.

Maddock, D. (2012). *Stop diving! Everton boss raps Suarez on the eve of the Merseyside derby*. Á <http://www.mirror.co.uk/sport/football/news/liverpools-luis-suarez-is-branded-a-diver-1401561> [Sótt 30.11.2012].

News.bbc.co.uk (1999). *Police probe Fowler goal celebration*. Á http://news.bbc.co.uk/2/hi/sport/football/fa_carling_premiership/311267.stm [Sótt 30.11.2012].

Schechner, R. (2006). *Performane studies: An introduction*. 2. útg. New York og London: Routledge.



Mynd 8: Hópfagn þar sem leikmenn leika eftir tannlæknum

Myndbönd

LFCBenH (2012). *Luis Suarez 'dive' celebration vs Everton*. Á c [Sótt 30.11.2012].

Dstuart82 (2009). *World cup Mexico 86 top 20 goals BBC*. Á <http://www.youtube.com/watch?v=uPtCxH7tuKo> [Sótt 30.11.2012].

Emmink, R (2010). *World cup 2010 – Top 10 goals –HD-*. Á http://www.youtube.com/watch?feature=endscreen&v=KIXlPp_t21k&NR=1 [Sótt 30.11.2012].

Jmehd15 (2012). *Best Robbie Keane goal celebration*. Á <http://www.youtube.com/watch?v=rAATIHS430s> [Sótt: 30.11.2012].

Poppindacriss6 (2004). *Robbie Fowler Snorts*. Á <http://www.youtube.com/watch?v=IYEMa465reo> [Sótt 30.11.2012].

Richards, C. (2012). *Best ever premier league celebrations :: Premier League 20 seasons awards :: HD*. Á <http://www.youtube.com/watch?v=1W6vtk491Eo> [Sótt: 30.11.2012].

Zeljcodjukic (2010). *Greatest Goals of the World Cup : 1958 Sweden*. Á http://www.youtube.com/watch?feature=endscreen&NR=1&v=ArU1D_ZI-hQ [Sótt 30.11.2012].

Myndir

Mynd 1 http://newsimg.bbc.co.uk/.../jpg/_41758114_celebrate416.jpg [Sótt 25.11.2012].

Mynd 2 frá http://cdn1.independent.ie/.../PANews_No836121379703211770A_I1.jpg [Sótt 23. 01.2014].

Mynd 3 frá <http://2.bp.blogspot.com/.../alan+shearer.jpg> [Sótt 30.11.2012].

Mynd 4 frá <http://static.guim.co.uk/sys-images/Football/.../Carlos-Tevez-of-Manchester-006.jpg> [Sótt 20.11.2012].

Mynd 5 frá <http://u.goal.com/223100/223174.jpg> [Sótt 30.11.2012].

Mynd 6 frá <http://u.goal.com/223000/223077.jpg> [sótt 01.12.2012].

Mynd 7 frá http://i.telegraph.co.uk/.../samexico_gettyimag_1656317i.jpg [Sótt 01.12.2012].

Mynd 8 frá http://cdn.bleacherreport.net/.../gazzaeng_display_image.jpg?1267293809 [Sótt 01.12.2012].

Titilmynd tekin af <http://thenewdaily.com.au/sport/2013/11/28/five-star-man-united-crush-leverkusen/>